



Nefnarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2019

Efni: Umsögn Feministafélags Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). 154. mál, 149. löggjafarþing.

Feministafélag Háskóla Íslands fagnar því að auka eigi rétt foreldra til samvista með börnum sínum fyrsta æviárið. Við teljum þó að betur megi ef duga skal. Umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar skapast mikla óvissu fyrir foreldra. Við teljum að tryggja þurfi öllum börnum leikskólavist að fæðingarorlofi loknu, við 12 mánaða aldur, þessu markmiði gæti verið náð með aukin áherslu á ungbarnaleikskóla.

Auk þess teljum við að börn eigi að eiga rétt á samvistum við foreldra fyrstu 12 mánuðina og eigi sá réttur að skiptast jafn milli beggja foreldra. Markmið þess er að hvetja foreldra til þess að taka jafn langt fræðingarorlof sem myndi stuðla að jafnari stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Foreldrar geta þurft stuðning hvers annars á þessu tímabili og því leggjum við til að hvort foreldri fái sjálfstæðan rétt til 7 mánaða fæðingarorlofs. Þá geta foreldrar verið saman í fæðingarorlofi tvo af þeim tólf mánuðum sem barnið fær til samvista við þá.

Virðingarfyllst,

Stjórn Feministafélags Háskóla Íslands,

Sandra Kristín Jónasdóttir, Silja Ástudóttir, Elísabet Ólöf Björgvinsdóttir, Margrét Steinunn Benediktsdóttir, Birta Rós Antonsdóttir og Sólveig Daðadóttir.